

Ár 2001, mánudaginn 26. mars kom úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman í Borgartúni 20, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 1/2001

Eldhestar ehf

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

Fyrir nefndinni lá kæra Eldhesta ehf., Völlum, Selfossi, kt. 421092-2069, dags. 10. janúar 2001, sem barst nefndinni 17. s.m., þar sem kærð er sú ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) frá 8. janúar 2001, að hafna kröfu Eldhesta um að Landssíma Íslands hf. (LÍ) verði heimilað að upplýsa um tvo seinustu tölustafina í tilteknu símanúmeri og að stofnuninni verði gert skylt að veita LÍ undanþágu til að gefa upp umbeðið símanúmer í heild sinni.

Nefndinni barst greinargerð um málið frá PFS þann 26. janúar 2001, þar sem krafist er staðfestingar á fyrrgreindri ákvörðun PFS frá 8. janúar 2001.

Eins og máli þessu háttar telur nefndin ekki þörf á munnlegum flutningi í því og eru engar athugasemdir gerðar af hálfu aðila um þá málsmeðferð.

Er því mál þetta því nú tekið til úrskurðar:

Málavextir eru þeir að með bréfi Eldhesta til PFS dags. 20. desember 2000 óskaði fyrirtækið eftir því við stofnuninna að hún veitti LÍ undanþágu til að upplýsa fyrirtækið um hverjir væri tveir seinustu tölustafirnin í númerinu 482-24XX, sem hringt var í úr síma Eldhesta 483-4884 kl. 10:14:53 hinn 6. mars 2000.

Ástæðan fyrir þessari beiðni var sú, að haft var samband við forsvarsmann Eldhesta frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands og honum sagt að hringt hefði verið um þetta leyti dags til eftirlitsins og íslensk kvenrödd kvartað fyrir hönd erlends hóps, sem komið hefði í hestaleigu Eldhesta. Framferðið sem kvartað var undan var að stúlkur hefðu verið í reiðfötum í eldhúsinu.

Þetta hafi þótt undarlegt, þar sem enginn hópur hafði verið hjá Eldhestum um langt skeið og að eina manneskjan sem hefði getað hringt úr síma Eldhesta og talað íslensku átti að hafa eftirlit með þessu atriði og ganga eftir því að svona væri ekki farið að við framreiðslu.

Hafi þetta orðið til þess að viðkomandi starfsmanni var sagt fyrirvaralaust upp störfum enda hefði hann áður fengið áminningu vegna annars tilviks. Hafi starfsmaðurinn í framhaldi af uppsögninni höfðað dómsmál gegn Eldhestum og krafist launa í uppsagnarfresti og fl. Til þess að verjast kröfum starfsmannsins sé Eldhestum nauðsynlegt að fá upplýst um framangreint símanúmer.

Rökstuðningur Eldhesta fyrir kröfu sinni er þessi:

Að réttarreglur um ágreiningsefnið virðist óljósar og því í raun enginn réttargrundvöllur að byggja á. Því hljóti að koma til skoðunar hverjir væru hagsmunir fyrirtækisins um að fá umbeðnar upplýsingar. Að það megi leiða líkur að því að fyrirtækið gæti varist kröfum allt að kr. 500.000 ef umbeðnar upplýsingar fengjust sem séu miklir hagsmunir fyrir lítið fyrirtæki. Að notaður hafi verið sími fyrirtækisins í umrætt sinn. Persónuverndin sé því teigð til þrautar ef símtal, sem notað sé til að svarta fyrirtækið, fáist ekki upplýst. Þá hafi

starfsmaðurinn vitað að símtöl fyrirtækisins voru sundurliðuð, þar sem m.a. bókhald þess hafi verið á hans vegum.

PFS færir svofelld rök fyrir ákvörðun sinni:

Samkvæmt 30. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 eigi áskrifendur rétt á að fá reikninga sundurliðuða eftir tegund þjónustu, þeim að kostnaðarlausu, t.d. fjölda og heildarlengd símtala í fastaneti, farsíma og í upplýsingaveitur.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. s.l. er gert ráð fyrir að samgönguráðuneytið setji reglugerð um meðferð upplýsinga, sem nauðsynlegar séu fyrir gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana. Reglugerðin sé í undirbúningi en hafi enn ekki verið sett. Henni sé ætlað að ná til atriða sem séu nauðsynleg fyrir gerð reikninga og sundurliðun þeirra, þannig að rétt hafi síma verði gjaldfærður á réttan hátt fyrir þá þjónustu sem hann kaupir. Þegar mál snúi að því hvort birta megi allt símanúmerið á reikningi blandist inn í það hagsmunir notenda viðkomandi síma, annarra en rétt hafa.

Fram til þessa hafi verið stuðst við tilkynningu um skráningu símtala, sem tölvunefnd gaf út 14. nóvember 1995 til Póst- og símamálastofnunar. Samkvæmt þeirri tilkynningu sé óheimilt að gefa upp tvo síðustu tölustafina í þeim númerum sem hringt er í.

Að í 2. mgr. 30. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 sé einnig sú tilvísun að við gerð sundurliðuðra reikninga skuli hafa hliðsjón af löggjöf um verndun persónulegra upplýsinga og friðhelgi einkalífs. Núgildandi lög um efnið séu l. nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með þeim hafi fyrra fyrirkomulagi verið breytt þannig, að nú séu ekki lengur gefin út sérstök starfsleyfi heldur beri vinnsluaðilum að tilkynna til Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fari á þeirra vegum. Samkvæmt 11. gr. laganna séu þeir ábyrgðaraðilinn, í þessu tilviki LÍ, sem beri ábyrgð á meðferð persónuupplýsinga. Honum beri skv. 31. gr. að tilkynna Persónuvernd um þá vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fari á hans vegum, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laganna. Persónuvernd meti svo hvort sú vinnsla sem fram fari hjá ábyrgðaraðila sé í samræmi við lög.

PFS telur að þar sem heimild stofnunarinnar til þess að veita undanþágu frá þeim reglum sem gilt hafi sé ekki skýr verði að telja vafasamt að hún taki sér rétt til að taka ákvörðun um undanþágu fyrir birtingu upplýsinga um símtal sem geti verið íþyngjandi fyrir annan aðila dómsmáls og sem ekki varði upphæð reiknings eða óréttmæti gjaldtöku símafyrirtækis. Þar sem nokkur réttaróvissa sé á þessu sviði telji PFS á þessu stigi sig ekki umkomin til að veita undanþágu frá þeim reglum sem gilt hafi.

Niðurstaða:

Í máli því sem hér er til umfjöllunar krefjast Eldhestar að PFS verði gert að heimila LÍ að upplýsa fyrirtækið um tvo seinustu tölustafina í símanúmeri því sem hringt var í úr síma fyrirtækisins á tilteknum degi og stundu.

Sú regla sem fylgt hefur verið í þessum efnum er samkvæmt tilkynningu tölvunefndar frá 14. nóvember 1995, þar sem fjallað er um leyfi til Póst- og símamálastofnunar um skráningu símtala og sundurliðanir á símreikningum.

Þar segir m.a. í V. kafla b. liðs, að á sundurliðuðum símreikningum skuli aðeins koma fram upplýsingar um þau númer sem hringt er í og að ávallt sé sleppt tveimur síðustu

tölustöfunum í númerunum. Á þessi regla við um fastasíma. Gildistími þessarar tilkynningar var til 31. desember 2000.

Eftir útgáfu hennar hafa verið lögfest l. um fjarskipti nr. 107/1999, tilskipun 97/66/EB um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu og l. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 30. gr. l. nr. 107/1999 um fjarskipti, sem fjallar um reikninga notenda og fl. er gert ráð fyrir setningu reglugerðar um gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana, en hún hefur ekki ennþá séð dagsins ljós. Í engri af þessum réttarheimildum er tekið með beinum hætti efnislega á því álitaefti, sem hér er til meðferðar.

Í ákvæðum til bráðabirgða í l. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga segir að leyfi, sem tölvunefnd hefur gefið út skuli halda gildi sínu enda fari þau ekki í bága við lögin.

Nefndin telur að tilkynning tölvunefndar frá 14. nóvember 1995 gildi um álitaeftið. Sú takmörkun í upplýsingagjöf sem regla tölvunefndar hefur í för með sér fyrir rétthafa fastasíma að ávallt skuli sleppt tveimur síðustu tölustöfunum í símanúmerum sem hringt er í brýtur að mati nefndarinnar ekki gegn l. nr. 107/1999, l. nr. 77/2000 eða tilskipun 97/66/EB.

Nefndirn telur að réttarheimildir skorti til að víkja frá þeim reglum, sem fram koma í tilkynningu tölvunefndar frá 14. nóvember 1995.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 8. janúar 2001 um að hafna kröfu Eldhesta ehf. um birtingu á tveimur síðustu tölustöfunum í símanúmerinu 482-24XX er staðfest.

Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánuða frá því að aðili fékk vitneskju um hann.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ólafur Axelsson hrl. formaður.

Guðjón Kárason verkfræðingur.

Heimir Haraldsson framkvæmdastjóri.